

FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2017

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2017 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæ 3. nóvember 2016 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði Garðabæjar 1. nóvember 2016 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar þann 1. desember 2016. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun Garðabæjar fyrir árin 2018, 2019 og 2020.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A-hluta bæjarsjóðs verði um 97 m.kr. og rekstrarafgangur A og B hluta um 346 m.kr. Veltufé frá rekstri er áætlað að verði 1.154 m.kr. hjá A hluta og 1.615 m.kr. hjá A og B hluta. Framlegð er áætluð 14,5% en var 10,9% samkvæmt ársreikningi 2015.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir mega ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall var 112,7% skv. ársreikningum Garðabæjar og Álftanes 2012, en var komið niður í 101,4% skv. ársreikningi Garðabæjar fyrir árið 2015. Í framlagðri áætlun er gert ráð fyrir að skuldahlutfall í árslok 2017 verði 93,6%.

Mikill óróleiki var á vinnumarkaði á árinu 2015 og meiri átök en þekkst hefur hér á landi í áraraðir. Niðurstöður þeirra kjarasamninga sem samið var um að lokum og komu til framkvæmda í lok árs 2015 hafa haft áhrif á afkomu sveitarfélaganna. Þróun mála hefur hins vegar verið jákvæð hvað það varðar að launahækkunar hafa ekki leitt af sér almennar verðlagshækkunar en skilað sér í tekjuauka í hækkan útsvars. Vonir standa til að samkomulag SALEK hópsins verði til þess að betri vinnubrögð verði viðhöfð við gerð kjarasamninga á næstu árum og meiri sátt náist um markmið kjarasamningsgerðar milli aðila á vinnumarkaði. Kjarasamningar hafa verið gerðir við öll stéttarfélög starfsmanna sveitarfélaga nema Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarskólakennara. Í áætluninni eru ekki reiknaðar launahækkunar á þessa hópa en hinsvegar gert ráð fyrir varasjóði til að mæta væntanlegum launahækkunum. Frumvarp til laga sem byggt var á samkomulagi ríkisins og sveitarfélaganna við opinber starfsmannafélög um samræmt lífeyriskerfi náði ekki fram að ganga á Alþingi á síðasta kjörtímabili. Ef ekki næst að afgreiða frumvarpið sem lög frá Alþingi fyrir áramót munu koma til framkvæmda hækkunar á mótframlagi sveitarfélaganna til lífeyrissjóða sem nemur umtalsverðum fjárhæðum og í áætluninni er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum vegna þess.

Í byrjun næsta árs verða liðin fimm ár frá því sameining sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftaness gekk í garð. Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sameiningarinnar féllu niður í ársbyrjun 2016, en áfram er greitt útgjaldajöfnunarframlag sem Álftanes hafði og gerir sjóðurinn ráð fyrir að framlagið nemi 125 m.kr. á árinu 2017. Áætlanir um rekstur og efnahag vegna sameiningar sveitarfélaganna hafa gengið eftir og gott betur en það. Vel hefur gengið að samræma þjónustu og ber að þakka öllum þeim aðilum sem hafa komið að sameiningunni fyrir frábær störf.

Hófleg íbúafjölgun hefur verið í Garðabæ síðustu ár og samhliða hafa fylgt auknar skatttekjur. Íbúafjölgunin hefur verið nokkuð stöðug á bilinu 1,5 – 3% og langt yfir landsmeðaltali. Á sama tíma hafa stofnanir bæjarins getað fylgt eftir fjölguninni og veitt góða þjónustu. Frumvarp að fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir mikilli uppbyggingu á næstu árum. Í Urriðaholti er uppsteypu lokið á nýjum skóla sem þjóna á íbúum hverfisins sem leik- og grunnskóli. Á næsta ári er gert ráð fyrir að skólinn hefji starfsemi sem smám saman mun aukast og eflast.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2017 eru:

Að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7 %.

Að stefnt verði að lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts.

Að rekstrarniðurstaða A-hluta verði jákvæð og skili jákvæðri niðurstöðu að lágmarki 100 m.kr.

Að skuldahlutfall lækki.

Að áfram verði lögð áhersla á góða þjónustu við bæjarbúa.

Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggi að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.

Að framkvæmt verði fyrir um 5.410 millj. kr. á árunum 2017 – 2020 þar af 1.650 millj.kr. árið 2017.

Að áfram verði gætt aðhalds í rekstri og lögð áhersla á hagkvæm innkaup.

Að gjaldskrár hækki um 3,9% sem er áætluð verðlagsbreyting á árinu 2017

Að veltufé frá rekstri verði milli 10 til 15%.

Að Garðabær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað varðar fjármál og rekstur.


2. Skatttekjur

Útsvar: Áætlaðar útsvarstekjur eru 8.460 m.kr og hækka um 8% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2016 með viðauka. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2016 og tekið tillit til launapróunar og 1,5% íbúafjölgunar.


Fasteignagjöld: Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignagjalda verði óbreytt frá fyrra ári. Fasteignamat hækkar um 7 % milli áranna 2016 og 2017, en hækkunin er misjöfn milli hverfa í Garðabæ. Stefnt er að lækkun álagningarhlutfalls fasteignaskatts og er nánari útfærslu vísað til skoðunar milli umræðna um fjárhagsáætlunina.

Jöfnunarsjóður: Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 830 m.kr. á árinu 2017 en var áætlað 783 m.kr. 2016. Við framlagningu áætlunarinnar liggja ekki fyrir heildartillögur Jöfnunarsjóðs og verða fjárhæðir framlaga til einstakra málaflokka uppfærðar fyrir síðari umræðu.

Skipting tekna 2017



Skipting málaflokka sem hlutfall skatttekna 2017



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 6.007 m.kr. árið 2017 í A- hluta sem er 7,7% hækkun frá fyrra ári eða 433 m.kr. hækkun. Í A og B - hluta er gert ráð fyrir að launakostnaður verði 6.626 m. kr. og er um að ræða lækkingu um 389 m.kr. miðað við árið 2016 sem skýrist fyrst og fremst af breytingum á rekstri hjúkrunarheimilisins Ísafoldar.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt nýjum kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2015 sem í flestum tilvikum er um 6% hækkun á árinu 2017. Eins og áður hefur komið fram er enn ósamið við tvö félög, þ.e. Félag grunnskólakennara og Félag tónlistarskólakennara.

Rekstrarkostnaður


Almennur rekstrarkostnaður A- sjóðs hækkar um 73 millj. kr. eða 1,6% milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir tveimur nýjum deildum. Gert er ráð fyrir að Urriðaholtsskóli taki til starfa á árinu 2017 og gerður hefur verið samningur við Hjallastefnuna um ungbarnaskóla.

Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við fjárhagsáætlun 2016 með viðaukum.

3.2. Félagsþjónusta

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs hækki um 7% eða um 95 m.kr. milli árana 2016 og 2017. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks hækkar um 15% og þá einkum vegna þjónustu við mikið fatlaða einstaklinga sem eru með NPA samninga eða njóta mikillar aðstoðar í formi liðveislu. Útgjöld fjölskyldusviðs hafa hækkað frá árinu 2010 úr um 300 m.kr. í 1.382 m.kr. árið 2017 og er þá hjúkrunarheimilið Ísafold undanskilið. Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár með yfirtöku sveitarfélaga á málaflokki fatlaðs fólks og starfsemi Ísafoldar hjúkrunarheimilis.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2017



Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2017




3.3. Fræðslumál

Fjárveitingar til fræðslu- og uppeldismála eru um 5.952 m.kr. á árinu 2017 sem er um 7% hækkun milli ára eða um 379 m.kr.


Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu hækkar um 11 m.kr. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 3 m.kr. til sértækra verkefna á sviði skólamála og 5 m.kr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir að verja 25 m.kr. til þróunarsjóðs grunnskóla og 8 m.kr. til þróunarsjóðs leikskóla.

Skipting kostnaðar vegna fræðslusviðs 2017



Þús.kr. **FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL - skipting útgjaldaliða 2017**



Leikskólar

Fjárveitingar til leikskólamála eru um 1.945 m.kr. sem er um 6,2% hækkun milli ára. Breytingar hafa verið gerðar á rekstri leikskólanna með vali fyrir foreldra um leikskóla frá 12 mánaða aldri. Leikskólinn Sunnuhvoll og Leikskólinn Litlu Ásar eru nú reknir sem ungbarnaleikskólar auk þess sem aðrir leikskólar bjóða nú upp á þjónustu fyrir ungabörn. Nýr samningur hefur verið gerður við Hjallastefnuna um starfsemi dagheimilis fyrir ungabörn. Ný leikskóladeild í Flataskóla hefur vaxið undanfarið ár og eru þar nú 42 börn. Leikskólinn Sjóland, sem er einkarekin leikskóli starfrækir ekki lengur 5 ára deild í Sjólandsskóla en leikskólinn hefur sérhæft sig í þjónustu við einhverf börn.

Opnunartími leikskóla verður óbreyttur en leikskólar Garðabæjar eru opnir alla sumarmánuði og er Garðabær eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður íbúum sínum þá þjónustu. Fagmenntaðir starfsmenn leikskóla eru rúmlega 50% hluti starfsmanna sem er yfir landsmeðaltali sem er um 30%. Með rekstri ungbarnaskóla er komið til móts við foreldra yngstu barnanna með því að foreldrar geta valið milli leikskóla og dagforeldra og hefur sú breyting mælst sérstaklega vel fyrir hjá foreldrum.

Fjöldi leikskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2010.

2010-2011 672 börn

2011-2012 685 börn

2012-2013 749 börn

2013-2014 958 börn

2014-2015 980 börn

2015-2016 922 börn


2016-2017 890 börn

Gjaldskrá leikskóla hækkaði um 3% á árinu 2016 en gjöldin höfðu verið óbreytt frá árinu 2013 og hafa því ekki fylgt almennri verðlagsþróun. Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir 3,9% hækkun gjaldskrár leikskóla á árinu 2017.


Einkareknir leikskólar

Einkareknir leikskólar eru reknir samkvæmt samningum og reglum sem í gildi eru. Launaþáttur fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2017



Einkareknir leikskólar 2017



Bæjarreknir leikskólar 2017



Grunnskólar

Fjárveiting til starfsemi grunnskóla er um 3.504 m.kr. á árinu 2017. Nemur hækkun milli ára 247 m.kr. eða 7,5%. Hefur þá verið tekið tillit til viðauka við fjárhagsáætlun 2016. Fjárveitingar til grunnskólanna eru ákvarðaðar samkvæmt reiknilíkani skólavísis og var miðað við nemendafjölda 1. október 2016. Grunnskólanemendum fjölgaði um 130 milli vorannar 2015 og haustannar 2016. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5. – 7. bekk fjölgaði í öðrum skólum Garðabæjar.


Tekið hefur verið tillit til óska allra grunnskólanna um aukið fjármagn til viðhalds húsnæðis skólanna en í eignasjóði er fjárveiting til viðhalds skólahúsnæðis samtals að fjárhæð 88 m.kr. Þá er fjárveiting á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 70 m.kr. til endurbóta á skólahúsnæði.

Fjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2010:

2010 – 2011	1.525 börn
2011 – 2012	1.556 börn
2012 – 2013	1.993 börn (Álftanesskóli – um 440 börn)
2013 – 2014	2.084 börn
2014 – 2015	2.176 börn
2015 – 2016	2.316 börn
2017 - 2018	2.446 börn

Fjölgun grunnskólabarna frá 2010 er umtalsverð eða um 920 börn, en taka þarf þó tillit til sameiningu sveitarfélaganna árið 2013. Að frádrögnum nemendum Álftanesskóla er fjölgunin um 480 börn.

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2017



Tómstundaheimili grunnskóla

Fjárveiting til starfsemi tómstundaheimilanna er áætluð 63 m.kr. sem er um 13% hækkun frá fyrra ári. Kostnaður tómstundaheimilanna er fyrst og fremst launakostnaður en fjöldi starfsmanna ræðst af fjölda barna. Aukinn launakostnaður er því fyrst og fremst tilkominn vegna fjölgunar barna. Þá hækka greiðslur Garðabæjar til annarra sveitarfélaga vegna vistunar barna á tómstundaheimilum sérskóla.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að gjaldskrá tómstundaheimilanna hækki um 3,9%.

Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 230 m.kr. sem er um 1% hækkun milli ára. Kjarasamningur við Félag tónlistarskólakennara er laus og er því ekki gert ráð fyrir hækkun á launum félagsmanna í áætluninni. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Tónlistarskóli Garðabæjar bauð upp á Suzuki nám í fyrsta skipti frá og með skólaárinu 2012 – 2013 og hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli sinnt kennslu í húsnæði grunnskólanna sem kemur sér vel fyrir nemendur og er einnig hagkvæmt fyrir starfsemi skólans.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 111 m.kr. vegna leik- og grunnskóla. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík. Að auki er áætlað framlag að fjárhæð 13 m.kr. vegna tónlistarnáms barna úr Garðabæ í öðrum sveitarfélögum á árinu 2017.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla fer samkvæmt gildandi samningum og í grunnskólalögum er ákvæði um lágmarksframlag. Gert er ráð að verja 156 m.kr. til einkarekinna skóla árið 2017 sem er lækkun um 29 m.kr. frá áætlun 2016.



3.4. Menningarmál

Fjárveiting til menningarmála er 195 m.kr. en var 196 m.kr. á árinu 2016.

Framlög til Bókasafns Garðabæjar nema 84 m.kr. og hækka um 9% milli ára. Fjárveiting til Hönnunarsafns Íslands er áætluð 60 m.kr. og hækkar um 1%. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað 14,8 m.kr. en endanlegt framlag kemur fram í fjárlögum ríkisins.

Listadagar barna eru haldnir annað hvert ár og verða ekki á árinu 2017. Í áætluninni er gert ráð fyrir að sambærleg fjárhæð og varið hefur verið til listadaga eða um 3 m.kr. verði til ráðstöfunar hjá menningar- og safnanefnd til menningartengdra verkefna.

Áfram er gert ráð fyrir þeim listviðburðum sem hafa fest sig í sessi í Garðabæ s.s. jazzhátíð, Jónsmessugleði á Sjálandi, sýningum á Garðatorgi og stuðningi við ýmsa menningarstarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir rekstri Bjarnastaða á Álftanesi en samþykkt hefur verið að nýta húsnæðið fyrir starfsemi frjálsra félaga og menningarviðburði.



3.5. Æskulýðs- og íþróttamál

Fjárveiting til æskulýðs- og íþróttamála er áætluð 1.469 m.kr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 90 m.kr. frá árinu 2016 eða um 7%. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttamiðstöðvanna við Ásgarð, á Álftanesi, Mýrarinnar og íþróttahúss Sjúlandsskóla. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 711 m.kr. og hækkar um 28 m.kr. milli ára. Sundlaugin við Ásgarð verður lokuð stóran hluta ársins 2017 vegna gagngerra endurbóta og hefur verið tekið tillit til þess í áætlunni.


Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að gjaldskrá sundstaða hækki um 3,9%.

Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar, Klakans í Sjúlandsskóla og Elítunnar á Álftanesi nemi 93 m.kr. og hækki um 5,6 m.kr. milli ára eða um 6,5%.


Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingastarfs er áætluð um 20,5 m.kr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 55 m.kr. og á framkvæmdayfirliti er fjárveiting að fjárhæð 600 m.kr. til endurbóta á sundlauginni við Ásgarð. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga er 71 m.kr. og er gert ráð fyrir óbreyttri fjárhæð eða 30.000 kr. fyrir hvert barn.

Framlög til íþrótt- og æskulýðsfélaga eru ekki hækkuð í framlögðu frumvarpi.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2017



Þús.kr. **Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2017**




3.6. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna byggja á áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og nema samtals 104 m.kr. en voru 99 m. kr. árið 2015. Hækkunin nemur um 6%.

Framlag til sjóvarnargarða er 2 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.


Brunamál - skipting kostnaðar 2017



3.7. Hreinlætismál


Framlög til hreinlætismála nema 46 m.kr. en voru áætluð 40 m.kr. árið 2016. Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, rekstur Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka sem annast hreinsun sorps frá íbúðarhúsum á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun og rekstur gámastöðva er áætlaður 119 m.kr. og er sorphreinsunargjöldum ætlað að standa undir þeim kostnaði. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 42 m.kr. sem er 11% hækkun frá fyrra ári. Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 6,5 m.kr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er nú færður í málaflokk 03 samkvæmt breytingu á bókhaldsreglum sveitarfélaganna. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013 og hefur það verkefni gengið vel í alla staði hvort sem litið er til þjónustu eða kostnaðar. Á árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ. Lokið er vinnu við uppsetningu gámastöðvar við Suðurnesveg á Áltanesi og stefnt er að því að ljúka frágangi við gámastöð við Norðurnesveg fyrir árslok 2016. Á framkvæmdayfirliti er fjárveiting að fjárhæð 5 m.kr. til að vinna áfram að uppsetningu nýrra gámastöðva á árinu 2017.

Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2017



3.8. Skipulags- og byggingarmál

Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 214 m.kr. sem er hækkun um 16 m.kr. milli ára. Gert er ráð fyrir að verja um 34 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðisskipulags samanborið við 36 m.kr. árið 2016. Gert er ráð fyrir nýju starfi verkefnisstjóra á tækni- og umhverfissviði vegna aukinna verkefna í tengslum við uppbyggingu og krafna um aukin gæði starfa á sviðinu.




3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 789 m.kr. á árinu 2017 og er um 108 m.kr. hækkun að ræða. Hækkunin er aðallega vegna hækkunar á innri leigu gatna og göngustíga sem er tilkomin vegna stækkunar á gatnakerfi bæjarins. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur, götulýsing og reksturs Strætó bs. Fjárveiting til viðhalds gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 55 m.kr. í 60 m.kr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 192 m.kr. í 205 eða um 7%. Við framlagningu áætlunarinnar liggur ekki fyrir endanleg áætlun frá Strætó bs.

Einnig er áætlað að verja til snjómoksturs og hálkueyðingar 60 m.kr. Til götulýsingar er áætlað 71 m.kr.

Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2017




3.10. Umhverfismál

Fjárveiting til umhverfismála er áætluð 322 m.kr. sem er lækkun um 16 m.kr. frá áætlun 2016. Meginskýring þess er lækkun fjárveitingar til sumarvinnu ungs fólks úr 151 m.kr. í 110 m.kr. eða um 41 m.kr. vegna bætts atvinnuástands og aukinna möguleika ungs fólks til að fá vinnu á almennum atvinnumarkaði.

Fjárveiting til umhverfismála án sumarvinnu ungs fólks nemur 212 m.kr. en var 187 m.kr. árið 2016 sem er hækkun um 25 m.kr. Við ákvörðun fjárveitingar er tekið tillit til ábendinga um aukinn kostnað við umhirðu opinna svæða í nýjum hverfum í bæjarfélaginu.

Umvhverfismál - skipting kostnaðar 2017



3.11. Sameiginlegur kostnaður


Fjárveiting til sameiginlegs kostnaðar er áætluð 775 m.kr. á árinu 2017 sem er hækkun um 46 m.kr eða sem nemur 11%. Stærsta einstaka starfseining þessa málaflokks er starfsemi bæjarskrifstofa eða sem nemur 366 m.kr. sem er hækkun um 7% milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar er hækkaður úr 160 m.kr. í 200 m.kr., sem er 25% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum er hækkuð úr 35 m.kr. í 41 m.kr. vegna aukinna útsvartekna á árinu 2017.

Heildarkostnaður vegna rekstur tölvukerfis er áætlaður 205 m.kr. og er kostnaðurinn gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað.

Sameiginlegur kostnaður - skipting kostnaðar 2017 - þús.kr.



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld eru áætluð 530 m.kr. sem er 35 m.kr lækkun frá árinu 2016. Gert er ráð fyrir 4,5% verðbólgu sem er tæplega einu prósentu umfram þjóðhagsspá. Á grundvelli reynslu undanfarinna ára þykir bæði skynsamlegt og varfærnislegt að gera ráð fyrir að verðbólga geti verið meiri en fram kemur í þjóðhagsspá.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Áætluð heildarfjárhæð til reksturs eignasjóðs er 648 m.kr. árið 2017. Launakostnaður er áætlaður 62 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 583 m.kr., sem er viðhald, öryggisgæsla, tryggingar og fasteignagjöld allra húseigna bæjarins. Afskriftir eru áætlaðar 713 m.kr.

Launakostnaður umsjónarmanna fasteigna grunnskóla er færður á eignasjóð, en þeir hafa einnig umsjón með öðrum fasteignum bæjarins. Sú breyting er gerð að laun umsjónarmanns Ísafoldar eru færð á eignasjóð en voru áður hluti af kostnaði við rekstur fasteignar heimilisins.

Húsaleiga eignasjóðs hækkar um 182 m.kr. milli ára 2016 og 2017 og eru leigugjöld millifærð á viðkomandi stofnanir. Tekjur eignasjóðs eru áætlaðar um 2.298 m.kr. árið 2017 og hækka um 183 m.kr frá árinu 2016.

Fjárveiting til viðhalds húsnæðis er áætluð 230 m.kr. á árinu 2017 en var 203 m.kr. í áætlun 2016. Um er að ræða verulega hækkun en bent hefur verið á brýna þörf fyrir aukið fjármagn til að sinna vel viðhaldi á húseignum bæjarins.

Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.599 m.kr. að meðtöldum innri lánum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem reiknuð hefur verið í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar.

4.2. Þjónustumiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 16 m.kr. sem er lækkun um 42 m.kr. Ástæða þessa er að gerð hefur verið sú breyting að Samveitur bæði vatnsveita og fráveita greiða nú 50 m.kr. til rekstrar þjónustumiðstöðvar.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa (rekstur félagslegra íbúða) eru áætluð 13,7 m.kr. árið 2017 en 13,1 m.kr. árið 2016. Í áætluninni er gjaldfært framlag að fjárhæð 9 m.kr. á málaflokk félagsþjónustu sem félagsleg aðstoð við leigjendur en framlagið er síðan tekjufært í rekstri Garðahúsa.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 306 m.kr. samanborið við 346 m.kr. árið 2016. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 25 m.kr. framkvæmdum vegna samveitna. Í rekstri samveitna eru gjaldfærðar 50 m.kr vegna þjónustu og aðstöðu sem samveiturnar njóta hjá þjónustumiðstöð.

5.3. Hjúkrunarheimilið Ísafold

Á undanförunum árum hafa rekstrargjöld Ísafoldar verið langt umfram tekjur af daggjöldum sem eru ákvörðuð einhliða af ráðherra heilbrigðismála. Samkvæmt lögum er það skylda ríkisins að greiða rekstrarkostnað hjúkrunarheimila og hefur Garðabær allt frá upphafi starfseminnar leitað eftir leiðréttingum daggjalda en árangurslaust.

Það er auðvitað forsenda þess að Garðabær geti sinnt skyldum sínum sem rekstraraðili heimilisins að ríkið leggi heimilinu til rekstrarfé eins og því er skylt samkvæmt lögum.

Rekstrarúttekt hefur verið gerð á heimilinu af ráðgjafarfyrirtækinu Nolta sem bendir m.a. á ýmsar leiðir til að auka tekjur og draga úr rekstrarkostnaði. Fyrir liggur skýr afstaða bæjarstjórnar Garðabæjar um að ríkið yfirtaki reksturinn eða feli þriðja aðila að reka heimilið. Skýrsla Nolta mun kom að góðum notum í viðræðum við aðila um yfirtöku á rekstri heimilisins.

Í áætlun Ísafoldar fyrir árið 2017 er gert ráð fyrir að bærinn greiði með heimilinu 50 millj. kr.

Framkvæmdir

Á árinu 2017 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 1.650 m.kr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 800 m.kr. sbr. sjóðsstreymisyfirlit.

Til gatnagerðar, hljóðvistar og umferðarmála er áætlað að verja 390 m.kr., þar af er gert ráð fyrir 150 m.kr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til skólahúsnæðis er áætlað að verja um 70 m.kr.

Til Urriðaholtsskóla eru áætlaðar 400 m.kr. og framlag frá Urriðaholti ehf. að sömu fjárhæð.

Til íþróttamannvirkja er áætlað að verja 1.010 m.kr. Um er að ræða 600 m.kr. til endurbóta á Sundlauginni við Ásgarð, 260 m.kr. til íþróttavalla við Ásgarð og 150 m.kr. til íþróttavalla í Bæjargarði.

Til bættis aðgengis fatlaðs fólks er áætlað að verja 10 m.kr.

Til endurbóta á Garðatorgi er áætlað að verja 20 m.kr.

Til framkvæmda á húsnæði fyrir fatlað fólk er áætlað að verja 60 m.kr.

Til stofnframlaga vegna byggingar íbúða á leigumarkaði 20 m.kr.

Til fjölnota funda- og ráðstefnusalar fyrir bæjarstjórn og nefndir 60 m.kr.

Til kaupa á strætóskýlum 5 m.kr.

Til grenndargáma 5 m.kr.

Til búnaðarkaupa fyrir stofnanir er áætlað að verja 100 m.kr.

Til samveitna er áætlað að verja 50 m.kr.

Milli umræðna í bæjarstjórn um frumvarp að fjárhagsáætlun verður fjallað nánar um framkvæmdaliði.

6. Þriggja ára áætlun 2018-2020

Þriggja ára áætlunin er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekkist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða 1,5% árin 2018 – 2020. Íbúafjölgun í Garðabæ hefur verið frá 2 % - 3,4% á ári frá árinu 2010 á sama tíma og landsmönnum hefur fjölgað um 1,9%. Mest varð fjölgunin í Garðabæ milli árána 2011 og 2012 eða 3,4%. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að skatttekjur aukist um 175 - 225 millj. kr. Aðrar tekjur aukast um 50 millj.kr. á ári.

Gert er ráð fyrir um 200 m.kr. hækkun launa- og rekstrarútgjalda vegna aukinnar þjónustu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð samkvæmt lánaskrá og greidd niður í samræmi við skilmála um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 700 m.kr. árið 2018, 600 m.kr. árið 2019 og 500 m.kr. árið 2020. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.

Íbúafjöldi í Garðabæ 2010-2015

2010	10.643 íbúar
2011	10.909 íbúar
2012	11.283 íbúar
2013	13.872 íbúar (Sameinað sveitarfélag Garðabær og Álftanes)
2014	14.180
2015	14.717
2016	15.141

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2015 eða um 424 íbúa eða um 2,8%.

7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2017 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla og forsendur sem kynntar voru í bæjarráði Garðabæjar við upphaf áætlunargerðar.

Sú nýbreytni var tekin upp við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni að leitað var til íbúa bæjarins um ábendingar varðandi fjárhagsáætlun á vef bæjarins. Það er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar brugðust við og skiluðu inn ýmsum ábendingum um það sem betur má fara eða leggja skuli áherslu á. Þann 1. nóvember höfðu borist 123 ábendingar.

Í fjárhagsáætluninni hafa að mestu leyti gengið eftir þau markmið sem sett eru í forsendum hennar. Á milli umræðna mun verða farið nánar yfir einstakar óskir um fjárveitingar samhliða því sem leitað verður eftir tillögum til hagræðingar í rekstri og farið yfir ábendingar frá íbúum.

Fjárhagsáætlun 2017 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 12,2%. Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,50 og veltufjárhlutfall 0,51. Gert er ráð fyrir að laun nemi 50,1% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 35,4%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 12.394 millj. kr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 7.354 m.kr. Skuldahlutfall nemur um 93,6%, og verður komið niður í 90,5% árið 2020.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður 1. desember 2016, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal áætlunin afgreidd fyrir 15. desember ár hvert.

